

Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja- Heklan

9. fundur

Þann 21. september árið 2011, klukkan 11:30 er fundur haldinn í stjórn Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, fundarstaður er Eldey, Grænásbraut, 235 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Árni Sigfússon, Ásmundur Friðriksson, Sigrún Árnadóttir, Róbert Ragnarsson, Kjartan Eiríksson, Gunnar Ellert Geirsson og Berglind Kristinsdóttir. Robert Jennings.

Forföll: Fulltrúa Voga vantar á fundinn.

Dagskrá fundarins.

1. Úttekt á vatnsbólum
2. Sameiginleg markaðssetning á Suðurnesjum
3. Geo – Park
4. Tillögur um áherslur í samstarfsverkefni stækunardeildar ESB – val á vinnuhópum
5. Heimsókn til Tampere í Finnlandi
6. Skipulag Heklunnar
7. Önnur mál

1. mál – Úttekt á vatnsbólum

Ásmundur leggur til að gerð verði úttekt á vatnsbólum á Reykjanesi.

Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að draga fram upplýsingar um skýrslur og rannsóknir sem hafa verið gerðar um vatnsforða Reykjanes. Niðurstaða gæti mögulega verið þáttur í verkefnum undir lið 4.

2. mál - Sameiginleg markaðssetning á Suðurnesjum

Ásmundur lagði til að sveitarfélög stæðu að sameiginlegri markaðssetningu. Samþykkt að fela Dagnýju að kalla saman hóp markaðsmanna til þess að skoða möguleika í sameiginlegu markaðsátaki.

3. Mál - Geo Park

Róbert lagði til að stofnaður yrði vinnuhópur um verkefnið. Vísað til liðar nr. 4.

4. mál Tillögur um áherslur í samstarfsverkefni stækkunardeildar ESB – val á vinnuhópum

Róbert kynnti tillögur að vinnuhópum, hlutverk þeirra og næstu skref í verkefninu. Áhersla verður lögð menntun, þekkingu, færni og rannsóknir sem og auðlindagarð. Menntamál: Samþykkt að Hjálmar Árnason frá Keili leiði hópinn um menntamál. Auðlindagarður: Samþykkt að Óli Örn frá Kadeco leiði hópinn um auðlindagarð.

5. mál Tampere

Berglind sagði frá heimsókn til Tampere í Finnlandi. Lagt til að tengja þær hugmyndir við lið nr. 6.

6. mál Skipulag Heklunnar

Lagt til að niðurstöður skipulagsvinnu verði lagðar fram fyrir næsta fund.

7. Mál Önnur mál

Ásmundur sagði frá fundi með framkvæmda- og skipulagssviði Hafnarfjrðar þar sem kynnt voru drög að svæðisskipulagi Suðurnesja.